



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 138/557
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

9. desember 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um umhverfis- og auðlindaskatta, 257. mál

Samkvæmt frumvarpinu verður m.a. nýr 0,12 kr. skattur lagður á hverja kwst af seldri raforku (eða áætlaðri sölu) og nýr 2% skattur á smásöluverð heits vatns. Virðisaukaskattur leggst ofan á þessa nýju skatta.

Samorka mótmælir þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja nýja skatta á raforku og heitt vatn, skatta sem draga munu úr lífsgæðum landsmanna og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, auk þess að draga úr gegnsæi verðlagningar á raforku og heitu vatni. Lágð verð á raforku og á heitu vatni til kyndingar hefur lengi verið einn af helstu kostum búsetu og fyrirtækjareksturs á Íslandi, fyrir nú utan að hér er orkan grænni en víðast hvar ef ekki alls staðar annars staðar. Flest orku- og veitufyrirtæki hafa enda verið rekin með afar lága arðsemi af þeirri grunnþjónustu sem þau sjá landsmönnum fyrir (arðsemin hefur hins vegar almennt verið hærrí af raforkusölu til stóriðju). Nú hyggst ríkisstjórnin raska þessari mynd með fyrstu beinu sköttunum hérlendis á raforku og heitt vatn, sem Samorka mótmælir sem fyrr segir.

Ennfremur lýsa samtökin áhyggjum af því að þessir nýju skattar verði enn hækkaðir þegar fram í sækir, stjórnvöld muni freistast til þess þegar einu sinni er búið að koma nýju sköttunum á. Skv 13. gr. frumvarpsins eru þessari nýju skattar á raforku og heitt vatn tímabundin ráðstöfun, sem falla á úr gildi í árslok 2012. Reynslan sýnir að óvarlegt er að treysta slíkum fyrirheitum.

Þá munu þessar breytingar að sjálfsögðu hafa í för með sér kostnaðarsamar breytingar á innheimtu- og bókhaldskerfum orku- og veitufyrirtækja, sem í mörgum tilvikum eru þegar verulega aðþrengd í rekstri. Ekki hjálpar heldur til þessi stutti fyrirvari breytinganna.

Að því gefnu að af þessari nýju skattheimtu verði leggur Samorka hins vegar til eftirfarandi úrbætur á frumvarpinu:

1. Í athugasemdum frumvarpsins segir (í almennri umfjöllun um II. kafla) að um innheimtu þessara nýju skatta muni „gilda sams konar sjónarmið í framkvæmd og gilda um virðisaukaskatt.“ Þarna er vísað í reglugerð um endurgreiðslu virðisaukaskatts af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns, nr. 484/1992 með síðari breytingum. Samkvæmt reglugerðinni endurgreiðir ríkissjóður hita- og rafveitum hluta (allt að 63%) af álögðum virðisaukaskatti af framangreindu,



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Þannig að álagður virðisaukaskattur að frádreginni endurgreiðslu nemi eigi hærrí fjárhæð en 11% af vagnu meðalverði rafveitna og hitaveitna, enda sé sala á orkunni til framangreindra nota. Þessi skilningur á framkvæmd innheimtu þessara nýju orkuskatta þarf að mati Samorku að koma mun skýrar fram og það í lagatextaum sjálfum. Þarna getur enda augljóslega munað mjög miklu fyrir viðskiptavinum á tilteknum veitusvæðum.

2. Ákvæði 3. mgr. 10. gr., þess efnis að við uppgjör skatts af raforku og heitu vatni megi draga frá fjárhæð sem nemur „sannanlega töpuðum útistandandi kröfum eða ofgreiddum skatti“ er of þröngt. Eða til hvers er vísað? Að fram hafi farið árangurslaust fjárnám eða gjaldprotaskipti? Lagt er til að hugtakið „sannanlega“ verði fjarlægt úr greininni og að fyrirtækin miði við eigið mat á því hvaða kröfur teljist tapaðar. Komi síðar í ljós að svo sé ekki og umræddar kröfur innheimtist, þá greiðist einfaldlega af þeim skattur.

3. Skv. 7. gr. telst ekki til skattskyldrar sölu eða afhendingar þegar raforka eða heitt vatn er notað eingöngu til framleiðslu á raforku eða heitu vatni til endursölu. Skv. 6. gr. nær hins vegar skattskyldan jafnframt til aðila sem framleiða raforku og/eða heitt vatn „til eigin nota.“ Ekki mun í öllum tilvikum, þar sem um blandaða starfsemi er að ræða, hægt að greina til fulls á milli notkunar raforku og heits vatns með þessum hætti. Sem dæmi má nefna þegar sömu aðilar sjá um rekstur hita- og vatnsveitu í ýmsum fámennari sveitarfélögum. Þá er a.m.k. skrifstofuhald iðulega sameiginlegt að einhverju ef ekki öllu leyti og því ekki raunhæft að sundurgreina notkunina með þessum hætti. Samorka leggur því til að veitustarfsemi (raf-, hita-, vatns- og fráveitur) verði undanþegin þessum nýju sköttum, til að einstök veitufyrirtæki þurfi ekki að skilgreina hvort t.d. kaffikannan sé tengd „framleiðslu“ á heitu vatni eða köldu.

Í almennri fréttatilkynningu fjármálaráðuneytisins um væntanlegar skattahækkanir, dags. 19. nóvember sl., kemur fram mat á tekjum ríkissjóðs af nýjum sköttum, „að teknu tilliti til endurgreiðslna til garðyrkju og heimila á svk. köldum svæðum.“ Þarna er væntanlega vísað í rafhitun á köldum svæðum. Ekki kemur fram í frumvarpinu með hvaða hætti þessar endurgreiðslur eiga að fara fram en Samorka telur æskilegt að úr því verði bætt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri